

2.fundur Velferðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri Miðvikudaginn 14.október 2015 og hófst hann kl. 15:00.

Mætt eru:

Magdalena Zawodna, Ránar Jónsson, Jón Gunnþórsson og Halldóra Friðbergsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki. Formaður óskaði eftir að bæta við liðnum önnur mál. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Ráðstefna í æskulýðsmálum; frítíminn er okkar fag.

Nefndin telur ekki þörf á að senda fulltrúa á þessum tímapunkti.

2. Innsent erindi, hreyfihamlaðir og aðbúnaður á tjaldsvæðum, dags. 05. ágúst 2015

Nefndin leggur til að Langanesbyggð kanni hvernig aðgengi fyrir fatlaða sé að tjaldsvæðinu og ef bæta þarf úr eru góðar ábendingar um ódýrar lausnir í bréfinu sem sveitarfélagið ætti að ráða við.

3. Eldriborgarar í Langanesbyggð. Félagsstarf

Nefndin stefnir að því hitta stjórn félags eldriborgara og fara yfir þessi mál.

4. Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands, dags. 21.ágúst 2015.

Lagt fram til kynningar.

5. Landsfundur jafnréttisnefnda

Enginn sá sér fært að mæta á fundinn fyrir okkar hönd.

6. Önnur mál

Nefndin er sammála um mikilvægi þess að nefndarmenn séu virkir í störfum sínum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:41